



Borgarráð

Tillaga um rýningu á fjármagnsskipan fyrirtækja í samstæðu Reykjavíkurborgar

Lagt er til að fjármagnsskipan B-hluta fyrirtækja í samstæðu Reykjavíkurborgar verði rýnd með tilliti til skilvirkrar og arðsamrar fjárbindingar borgarsjóðs (A-hluta) sem eiganda í fyrirtækjum í B-hluta og þeirrar áhættu sem borgarsjóður stendur frammi fyrir sem ábyrgðaraðili á lánum og eftir atvikum rekstri fyrirtækja í B-hluta. Rýningin verði áfangaskipt, með áherslu á að tillögur um fjármagnsskipan Orkuveitu Reykjavíkur og Faxaflóahafna liggi fyrir fyrir 1. apríl 2023. Handhafar eigendavalds skipi stýrihóp verkefnisins og verði þeim heimilt að leita sérfræðiráðgjafar ytri aðila. Fulltrúar viðkomandi stjórnna komið að umfjöllun á vettvangi stýrihópsins og tillögur lagðar fyrir borgar- og bæjarráð auk formlegra eigendafunda.

Greinargerð:

Í maí 2018 skilaði „starfshópur um fjármagnsskipan samstæðu Reykjavíkurborgar“ skýrslu sinni, en starfshópurinn hafði það hlutverk að að greina og varpa ljósi á fjármagnsskipan A-hluta Reykjavíkurborgar og helstu fyrirtækja í B-hluta og gera tillögur um æskilega fjármagnsskipan sem miði að því að samstæða A- og B-hluta borgarinnar nýti fjármuni sína með sem hagkvæmustum hætti.

Niðurstöður skýrslunnar bentu til þess að unnt væri að ná talsverðum árangri hvað varðar hagkvæmari fjármagnsskipan samstæðunnar m.t.t. skilvirkrar og arðsamrar fjárbindingar borgarsjóðs (A-hluta) sem eiganda í fyrirtækjum í B-hluta og þeirrar áhættu sem borgarsjóður stendur frammi fyrir sem ábyrgðaraðili á lánum og eftir atvikum rekstri fyrirtækja í B-hluta.

Rýning á fjármagnsskipan taki mið af niðurstöðum skýrslu starfshópsins. Verkefnið verði skoðað í ljósi aðstæðna í ytra efnahagsumhverfi borgarinnar, stöðu A-hluta í rekstri eigendasveitarfélaga og eftir atvikum getu B-hluta fyrirtækjanna til styðja með tímabundnum hætti við rekstur þeirra með arðgreiðslum. Með sama hætti verði farið yfir þær kröfur sem eigendur geri til arðsemi fyrirtækjanna til lengri tíma litið, með hliðsjón af stefnumörkun þeirra og kröfum eigenda um sjálfbærni í rekstri.

Í fyrsta áfanga verði Orkuveita Reykjavíkur og Faxaflóahafnir tekin til rýningar.

Rýnd verði arðgreiðslustefna Orkuveitu Reykjavíkur með hliðsjón af hlutverki og tilgangi félagsins. Ákvæði verði rýnd með hliðsjón af lánasamningum og áhættum í ytri umhverfi. Val á mælikvörðum um arðgreiðsluskilyrði verði tekin til skoðunar og mat á þeim með hliðsjón af hækkandi eiginfé og getu fyrirtækisins til að greiða arð til eigenda. Val á gjaldmiðlum vegna fjármögnunar verði jafnframt tekið til skoðunar með hliðsjón af niðurstöðum í skýrslu starfshóps frá maí 2018 um áhættur til lengri og skemmri tíma.

Rýnd verði fjárbinding eigenda í Faxaflóahöfnum með hliðsjón af kröfum um arðsemi og samsetningu efnahags, þ.e. eigin fjár og skuldsetningar. Samsetning eigna verði skoðuð með hliðsjón af hlutverki og starfsemi félagsins.



Reykjavíkurborg

Verkefnið verði unnið á sameiginlegum vettvangi eigenda, Reykjavíkurborgar, Akraness og Borgarness hvað Orkuveitu Reykjavíkur varðar og með aðkomu Hvalfjarðarsveitar varðandi Faxaflóahafnir og leitað ráðgjafar ytri sérfræðinga eftir því sem þörf krefur. Tillögur liggja fyrir þann 1. apríl 2023. Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar skipuleggi og undirbúi vinnu stýrihópsins í samráði við fjármálastjóra eigendasveitarfélaga.

Annar áfangi gagnvart öðrum félögum í samstæðu Reykjavíkurborgar verði skilgreindur þegar fyrsta áfanga er lokið.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Skýrsla starfshóps um fjármagnsskipan: Fjármagnsskipan samstæðu Reykjavíkurborgar, dags. maí 2018.
Trúnaðarmál.